

Fundargerð stjórnar Fíh

**Þriðji fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,
starfstímabilið 2022 – 2023,
miðvikudaginn 21. september kl. 10.30 -16.00.**

Mættar: Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, Hulda S. Gunnarsdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir og Hulda Björg Óladóttir.

Boðuð forföll: Anna Kristín B. Jóhannesdóttir.

Gestir: Kristjana E. Guðlaugsdóttir sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs, Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs og Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri.

Fundarritari: Guðrún Yrsa Ómarsdóttir.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð 2. fundar stjórnar Fíh

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Erindi frá orlofssjóði

Stjórn Fíh tók fyrir erindi frá orlofssjóði um að fá leyfi fyrir sölu á einni eign sjóðsins.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Til umræðu:

3. Fréttir frá kjara og réttindasviði

Kristjana E. Guðlaugsdóttir sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs kynnti fyrstu niðurstöður nýafstaðinnar kjarakönnunnar.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn mun fá nánari niðurstöður kjarakönnunnar á næsta stjórnarfund.

4. Rekstur félagssjóðs og annarra sjóða, janúar-ágúst 2022

Hafdís Böðvarsdóttir fjármálastjóri kynnti fyrir stjórn rekstraryfirlit á sex sjóðum ásamt skýringum Fíh fyrir árið 2022.

Afgreiðsla: Umræður.

5. Fréttir frá fagsviði

Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs fór yfir verkefni sem framundan eru á fagsviði. Hjúkrunarþing 2022 verður haldið 25. október. Hafin er undirbúningur að ráðstefnu í hjúkrun, sem verður 28. og 29. september 2023. Einnig sagt frá fræðslu sem er í boði fyrir félagsmenn í vetur o.fl.

Afgreiðsla: Umræður.

6. Nýafstaðinn fundur með heilbrigðisráðherra

Formaður sagði frá nýafstöðnum fundi með Willum Þór Þórssyni heilbrigðisráðherra ásamt Dagmar Huld Matthíasdóttur sérfræðingi í Heilbrigðisráðuneytinu.

Afgreiðsla: Umræður.

7. Erlent samstarf

Formaður fór yfir nýafstaðna 100 ára afmælisráðstefnu SSN, (Samvinna hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum) sem haldin var í Danmörku.

Afgreiðsla: Umræður.

8. Hjúkrunarþing 25. október 2022

Stjórn fór yfir sjö stefnumið sem verða til umfjöllunar á þinginu.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn ákvað helstu stefnumiðin innan hvers flokks sem unnið verður með.

Stjórnarfundir slitið kl. 15.45

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 19. október 2022.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh